

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

76. fundur Stjórnar BS bs. haldinn miðvikudaginn 19. október 2023.

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Magnús S. Magnússon, Birgir Örn Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála.
 - Fjárhagsstaða samkvæmt áætlun.
- Fjárhagsáætlun fyrir 2024-2027 lögð fram.
 - Fjárhagsáætlun b.s. lögð fram og samþykkt samhljóma. Verðbólgan hefur haft mikil áhrif og óþægir kostnaðarliðir hafa hækkað verulega. Þó ber þess að geta að hlutur sveitarfélaga í rekstri félagsins hefur lækkað verulega á síðustu árum. Fjárfestingar hafa verið mjög miklar á undanförunum árum án þess að sérstaklega hafi verið leitað til sveitarfélaga.
- Staðan á framkvæmdum í Grindavík.
 - Ráðið hefur verið í 2 stöður sjúkraflutningamanna (kvenna) í Grindavík og munu þær hefja störf miðvikudaginn 1. nóvember. Þær munu vera á vakt alla virka daga og taka bakvaktir þriðju hverja viku á móti þeim starfsmönnum í Grindavík sem þegar sinna þessu verkefni. Reiknað er með að húsnæðið sem var keypt undir starfseminu verði tilbúið seinni partinn í nóvember en þangað til verður starfsemin á núverandi stað.

4. Skýrsla sl.stjóra.

Búnaður vegna gróðurelda:

- Brunavarnir eru að fá talsvert af sérhönnuðum búnaði sem við höfum pantað, vegna gróðurelda, s.s slöngur, stúta, dælu og ýmiskonar handverkfæri ásamt Canam bíl til flutninga búnaðar og tækja. Þessi viðbót gerir okkur kleift að ráða við talsvert stóra gróðurelda án þess að kallað sé eftir aðstoð annarra slökkviliða. Engu að síður getur alltaf komið til þess að aðstoð sé nauðsynleg, eins og dæmið frá í sumar við Litla Hrút sýndi glögg.

Námskeið:

- Nú eru 4 starfsmenn í námi fyrir atvinnuslökkviliðsmenn, 3 starfsmenn í neyðarflutninganámi sjúkraflutninga, 10 fara í janúar í grunnám sjúkraflutninga og 8 eru í grunnnámi fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Að senda slíkan fjölda er talsvert átak en það mun skila sér að sveigjanleiki verður meiri í mannhaldi og útkallstyrkur verulega bættur.

5. Önnur mál.

- Endurnýjun körfubíls.

Stjórn samþykkir að fela slökkviliðsstjóra að hefja vinnu vegna endurnýjunar á körfubíl Brunavarna Suðurnesja. Núverandi körfubíll er kominn til ára sinna, 27 ára gamall.

- Samningur um eldvarnaeftirlit í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi lagður fram og samþykktur af stjórn BS bs.

Fundi slitið kl. 17:15